

# Samfélagsspor Arnarlax árið 2023



28 apríl 2024





# Efnisyfirlit

01 Samfélagsspor

03 Samantekt

05 Skattar tengdir launagreiðslum

07 Gjöld til umhverfissjóðs

09 Önnur gjöld og styrkir

11 Ýmis samfélagsverkefni

02 Um Arnarlax

04 Tekjuskattur

06 Mótframlag í lífeyrissjóði

08 Auðlindagjald

10 Gæðamál og vottanir



# 01 Samfélagsspor

## Hvað er samfélagsspor?

Samfélagsspor er samantekt fyrir fyrirtæki til að sýna með einföldum hætti framlag þeirra til samfélagsins, m.a. í formi skatta og opinberra gjalda.


Stutt samantekt sem veitir upplýsingar um það hvaða skatta og gjöld fyrirtækið greiðir. Jafnframt eru settar fram aðrar upplýsingar sem auka skilning á þeim virðisauka sem fyrirtækið skapar með rekstri sínum.

Umfjöllun um skattgreiðslur fyrirtækja í fjölmiðlum getur falið í sér þá áhættu að hlutir verði teknir úr samhengi eða ofuráhersla lögð á einstaka gjöld eða skatta. Með samfélagsspori er gefin heildstæð mynd af öllum sköttum og gjöldum sem renna til opinberra aðila í einni samantekt.

Með skýrslu um samfélagsspor er hægt að öðlast góða yfirsýn yfir skatta og gjöld. Hægt er að nota skýrsluna til að veita almenningi innsýn í skattaumhverfi viðkomandi fyrirtækis og jafnframt til þess að bregðast hratt við fyrirspurnum einstaklinga eða fjölmiðla eða vegna mögulegs óskýrleika í opinberri umræðu.

Upplýsingarnar í skýrslunni eru einnig þáttur í innri upplýsingagjöf og koma að notum við gerð viðskiptaáætlana auk þess sem skattgreiðslur kunna að gefa stjórnendum samanburðarupplýsingar um innri hlutföll í rekstri fyrirtækisins á milli ára.

Upplýsingar sem settar hafa verið fram í þessari skýrslu um samfélagsspor Arnarlax byggja á ársreikningum samstæðunnar, yfirlitum og upplýsingum frá opinberum aðilum og öðrum gögnum frá stjórnendum Arnarlax.




# 02 Um Arnarlax – tímalína rekstrar

Arnarlax var stofnað árið 2009 á Bíldudal við Arnarfjörð. Bíldudalur er heimabær Matthíasar Garðarasonar, stofnanda félagsins sem vissi að aðstæður á þessu svæði væru kjörnar til laxeldis.

Arnarlax ehf. er dótturfélag Icelandic Salmon AS (kallað „Samstæðan“), lauk útboði með góðum árangri haustið 2020 og síðan skráningu á Euronext Growth. Samstæðan gekk einnig frá tvískiptri skráningu á NASDAQ First North Reykjavík haustið 2023.

Í lok árs 2023 átti SalMar ASA 52% hlutafjár í samstæðu Arnarlax. Fyrirtækið er að fullu samþætt með eigin klakstöðvum, sjókvíum, uppskerustöð og söludeild.

Fyrirtækið hefur mikla trú á sjálfbærri fiskeldisframleiðslu á Íslandi og árið 2023 lauk félagið endurfjármögnun við DNB, Danske Bank og Arion banka, með lánaþyngri tengdri sjálfbærni í þeirri viðleitni að undirstrika viðhorf fyrirtækisins.



# 02 Um Arnarlax – verðmætasköpun

Framlag Arnarlax til samfélagsins er með ýmsum hætti, meðal annars með greiðslu launa og tengdra gjalda, aðkeyptri þjónustu, vörukaupum, greiðslu fjármagnsgjalda, styrkjum, auk greiðslu skatta og gjalda til yfirvalda.

Á árinu 2023 störfuðu að meðaltali 193 starfsmenn hjá móður- og dótturfélögum Arnarlax. Þar af voru 137 starfsmenn með búsetu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Samandregið voru um 16% af áætluðu vinnuafli í sveitarfélögunum tveimur í vinnu hjá Arnarlaxi á árinu 2023. Auk þess vinna margir aðrir íbúar við afleidd störf í tengslum við rekstur Arnarlax á viðkomandi starfssvæðum.


Neðangreindar upplýsingar eru fengnar frá stjórnendum Arnarlax. Annars vegar miðast tölurnar við íslenskt samfélag í heild og hins vegar er dregin fram verðmætasköpun á starfssvæði Arnarlax t.d. viðskipti við þjónustuaðila á starfssvæðinu.



## Verðmætasköpun til samfélagsins millj. kr.

	2021		2022		2023	
	Ísland	Þar af á starfs- svæði Arnarlax	Ísland	Þar af á starfs- svæði Arnarlax	Ísland	Þar af á starfs- svæði Arnarlax
Launakostnaður	1.327	1.116	1.850	1.388	2.116	1.587
Greiðslur til íslenskra þjónustuaðila	3.001	867	3.329	908	4.629	908
Vörukaup af íslenskum aðilum	360	65	809	65	854	65
<b>Samtals verðmætasköpun</b>	<b>4.688</b>		<b>5.988</b>		<b>7.598</b>	

Laun starfsmanna og önnur þjónusta á starfssvæði Arnarlax



## 02 Um Arnarlax - útflutningsverðmæti


Á undanförunum árum hefur hlutdeild eldislax í útflutningi frá Íslandi farið ört vaxandi. Milli áranna 2019 - 2023 jókst hlutdeild eldislaxa um 152% í magni og um 210% í verðmæti, miðað við forsendur um fast gengi.

Tölur frá Hagstofu Íslands benda á að heildarverðmæti útflutnings eldislaxa námu um 40 milljörðum króna árið 2023, sem jafngildir 4.3% af heildarvöruútflutningi landsins á erlenda grundu.

Á sama tíma var heildar útflutningur eldislaxa frá Íslandi um 31.441 tonn. Hlutdeild Arnarlax í útfluttum tonnum voru um 57% af heildarmagni eða um 18 þúsund tonn. Mikilvægt er að setja það magn í samhengi við þau verðmæti sem verða til á starfssvæðum Arnarlax hf.

Af tölum um heildarútflutning frá Íslandi má áætla að um 2.4% af heildarútflutningsverðmæti frá Íslandi séu vörur frá Arnarlaxi. Þetta sýnir ekki aðeins þróun, vöxt og mikilvægi verðmætasköpunar sem verður til hjá Arnarlaxi, heldur undirstrika þessar hagstærðir vaxandi þátt eldislax í heildarútflutningi frá Íslandi.

Útflutningsverðmæti á eldislaxi




Heildarútflutningur eldislaxa frá Íslandi á árinu 2023 var um 31.441 tonn og þar af var um 57% vörur frá Arnarlax. Útflutningur á eldislaxi var um 4.3% af heildarútflutningstekjum Íslands á árinu 2023.

# 03 Samantekt – án tillits til tekjuskatts félagsins

Í töflunni að neðan má sjá yfirlit yfir heildargreiðslur skatta og gjalda í milljónum króna án tekjuskatta.

Greiddir skattar og gjöld (m.kr.)	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Tryggingagjald	64	75	81	104	130	153
Mótframlag í lífeyrissjóð	100	129	143	164	226	267
Gjöld í umhverfissjóð	40	46	87	80	82	83
Auðlindagjald	-	-	21	29	194	327
Aflagjöld	40	63	77	87	163	177
Aðrir skattar og gjöld:						
Önnur gjöld til hafnarsjóðs	6	15	29	21	30	21
Bein vörugjöld og tollar	9	13	10	13	18	12
Fasteignagjöld	5	5	5	7	21	23
Annað	9	17	13	15	39	43
	<b>273</b>	<b>363</b>	<b>465</b>	<b>521</b>	<b>902</b>	<b>1.106</b>
<b>Innheimtir skattar</b>						
Staðgreiðsla starfsmanna	219	276	316	467	500	592
Aðrir skattar starfsmanna	4	6	6	10	13	8
<b>Skattar og gjöld alls</b>	<b>496</b>	<b>644</b>	<b>786</b>	<b>998</b>	<b>1.414</b>	<b>1.705</b>

Greiddir skattar og gjöld (m. Kr)




Arnarlax greiddi rúmar 1.705 milljónir króna í skatta, lífeyrisgjöld og aðra tengda liði á árinu 2023, aukning milli ára eru 300 millj. kr. meira til samfélagsins eða 21% aukning milli ára.

# 03 Samantekt - Ríki og sveitarfélög


Skattar og gjöld Arnarlax til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða námu samtals 1.705 millj. kr. vegna ársins 2023. Greiðslur til ríkis og sveitarfélaga námu 1.438 millj. kr. vegna ársins 2023 og hækkuðu um 21% milli árana 2022 og 2023.

Hækkunin fólst m.a. í hækkun skatta og gjalda vegna launagreiðslna, hækkun auðlindagjalda og aflagjalda. Hlutfallsleg skipting milli ríkis og sveitarfélaga sýnir að hlutur ríkisins hækkar milli árana 2022 og 2023 úr 63% í 64% hlutur sveitafélaga lækkar um sömu prósentu þ.e. úr 37% í 36% milli ára.

Í sundurliðun hefur verið tekið tillit til hlutdeildar útsvars til sveitarfélaga í staðgreiðslu skatta, sem innheimt er af ríkinu.



Skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga





# 04 Tekjuskattur


Tekjuskattur reiknast af hagnaði ársins. Fjárhæðin skiptist í tvennt, annars vegar skattur sem kemur til greiðslu á næsta ári og hins vegar frestaðður skattur sem greiðist síðar.

Rekstur laxeldis krefst þolinmæði er varðar fjármagn, en miklar fjárfestingar eru frá klaki til vinnslu sem tekur allt að 36 mánuði við ákveðin skilyrði. Þetta þýðir að á vaxtarskeiði fiskins getur verið langt kostnaðartímabil og litlar tekjur. Arnarlax hefur verið í fjárfestingum síðustu ár, en langvarandi tap á rekstri hefur skapað yfirfært rekstrarlegt tap sem félagið hefur nýtt þegar vel gefur. Á árinu 2022 kláraði félagið yfirfæranlegt rekstrartap síðustu ára og hefur greitt tekjuskatt frá árinu 2022.

Reiknaður skattur vegna ársins 2023, sem er til greiðslu á árinu 2024 var 359 millj. kr. en vegna kaupa á dótturfélagi og samsköttun innan samstæðu Arnarlax getur félagið nýtt sér yfirfæranlegt tap dótturfélagsins Íspórs og eru því tekjuskattsgreiðslur á næsta ári 198 milljónir króna í stað 359 milljónir króna. Yfirfæranlegt tap er ekki til staðar í árslok 2023.

Miklar fjárfestingar hafa átt sér stað við uppbyggingu félagsins og hefur megináhersla á árunum 2022 og 2023 verið í seiðaeldisstöðvum á landi, auk kvía, pramma og þjónustubáta. Heildarfjárfestingar félagsins árið 2023 voru um 2,8 milljarðar króna. Áætluð fjárfesting á árinu 2024 eru rúmir 2 milljarðar króna.

Reiknaður tekjuskattur ársins



Arnarlax á að greiða 359 millj. króna í tekjuskatt vegna ársins 2023, vegna samsköttunar lækkar greiðsla tekjuskatts í 198 milljónir króna, sambærileg fjárhæð til greiðslu tekjuskatts 2022 var 149 millj. króna.

# 05 Skattar tengdir launagreiðslum

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2023 hjá Arnarlaxi var um 193 starfsmenn en á árinu 2021 voru starfsmenn Arnarlax 177. Til viðbótar starfa verktakar fyrir Arnarlax við ýmis verkefni.


Auk þeirra beinu starfa í fiskeldi sem Arnarlax skapar, myndast líka afleidd störf í þjónustu og aukinni umsýslu. Sem dæmi um þau afleiddu störf sem skapast við fiskeldi má nefna þjónustustörf, störf við afurða- og fóðurflutningar, eftirlitsstörf og margt fleira.

Af launum hvers starfsmanns reiknast skattar og opinber gjöld. Vinnuveitandi sér um að halda eftir staðgreiðslu af launum og svokölluðum launaafdrætti og skila til Ríkisskattstjóra. Staðgreiðsla af launum skiptist í tvennt, annars vegar tekjuskattur einstaklinga sem rennur til ríkisins og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélagsins þar sem starfsmaðurinn er búsettur.

Tryggingagjald er gjald sem rennur m.a. í atvinnuleysistryggingasjóð, fæðingar- orlofssjóð og fjármögnun lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.

Á árinu 2023 skilaði Arnarlax 592 milljónum króna í staðgreiðslu af launum starfsmanna sinna og greiddi 15 milljónir króna í tryggingagjald. Árið 2022 nam fjárhæð staðgreiðslu 500 millj. kr. og fjárhæð tryggingagjalds 130 millj. kr.

Skattar og tryggingagjald af launum



Skattar tengdir launagreiðslum námu 745 milljónum króna árið 2023, þ.e. 592 milljónir kr. í staðgreiðslu skatta og 153 milljónir kr. í tryggingagjald og nam hækkun milli ára 18%.

# 06 Mótframlag í lífeyrissjóði

Starfsmenn Arnarlax greiða lögum samkvæmt 4% iðgjald af launum sínum í lífeyrissjóði og til viðbótar geta þeir valið að greiða framlag í séreignasjóði. Arnarlax greiðir 11,5% mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna auk þess sem mótframlag er greitt á móti framlagi starfsmanna í séreignasjóði.


Um það bil 56% starfsmanna hafa valið að greiða í séreignasjóði á árinu 2023.

Fyrir Arnarlax starfa auk þess margir verktakar og sjá þeir sjálfir um að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóði.

Heildargreiðslur sem mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna á árinu 2023 voru 267 millj. kr. samanborið við 226 millj. kr. á árinu 2022.

Hækkun mótframlags í lífeyrissjóði milli áráanna 2023 og 2022 nam 18%, en á sama tíma hækkuðu laun starfsmanna um 14% og meðalfjöldi starfsmanna hækkaði um 13.5%.

Greiðslur vegna lífeyrisréttinda



Arnarlax greiðir mótframlag í almenna lífeyrissjóði starfsmanna og í séreignasjóði. Samtals námu framlög í lífeyrissjóði 267 millj. kr. á árinu 2023. Hækkun mótframlags milli áráanna var 18%.

# 07 Gjöld til umhverfissjóðs

Umhverfissjóður sjókvíaeldis starfar á grundvelli laga nr. 71/2008, um fiskeldi, og er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins á forræði matvælaráðherra. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.

Handhafar rekstrarleyfa til sjókvíaeldis greiða árgjald til sjóðsins og greiddi Arnarlax 82.5 millj. kr. til sjóðsins á árinu 2023 samanborið við 82 millj. kr. á árinu 2022. Skattstofn er fast verð 20 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi, en það var 23.700 tonn í lok árs 2023.


Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu m.a. með því að fjármagna verkefni, sem lúta að því að aðlaga fiskeldi hér á landi sem mest að þeim umhverfiskilyrðum sem fyrir hendi eru og lágmarka þannig umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Sjóðurinn greiðir kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, sjálfbærni vöktunar fiskistofna og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður.

Á árinu 2023 úthlutaði sjóðurinn styrkjum til þriggja ólíkra verkefna í umsjón Hafrannsóknarstofnunar fyrir allt að 188 milljónum króna.

Væntingar eru um að sjóðurinn muni úthluta 185.7 millj.kr. vegna ársins 2024, en verkefnin hafa ekki verið ákveðin.



Gjöld til umhverfissjóðs



Gjöld til umhverfissjóðs námu 82.5 millj. kr. á árinu 2023. Hækkun milli ára nam 0.7%.

# o8 Auðlindagjald

Lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð tóku gildi á árinu 2019 og var gjaldið lagt á vegna fisks sem slátrað var frá og með 1. janúar 2020. Greiðsluskyldu gjalds vegna fiskeldis í sjó ber rekstrarleyfishafi fiskeldisstöðvar samkvæmt lögum um fiskeldi.

Fiskistofa skal ákvarða og birta fjárhæð gjaldsins í samræmi við viðmið sem sett eru í 2. gr. laga nr. 89/2019. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna nam fjárhæð gjaldsins 3/7 af reikningsstofni árið 2022 og mun nema 4/7 árið 2023, 5/7 árið 2024, 6/7 árið 2025 og frá og með 2026 verður innheimt að fullu í samræmi við lögin.


Auðlindagjald sem Arnarlax greiddi nam 327 millj. kr. fyrir árið 2023 og hækkaði um 68% milli ára þar sem gjaldið vegna ársins 2022 var 194 millj. kr. Gjald pr. kíló hefur aukist verulega síðustu ár, sem dæmi var verið 4 krónur pr. kg. á árinu 2021 en árið 2023 var gjaldið komið í 18,3 krónur pr. kg. Þetta jafngildir 459% hækkun milli tímabila.

Fiskeldissjóður er sjálfstæður opinber sjóður og er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Á árinu 2023 veitti sjóðurinn styrki til 12 verkefna fyrir alls 248 millj. króna. Fjögur verkefni runnu til Vesturbyggðar, eitt til Tálknafjarðarhrepps og eitt til Bolungarvíkur eða samtals 127 milljónir króna á starfssvæði Arnarlax.



Gjöld vegna auðlindagjalds



Auðlindagjald vegna ársins 2023 var samtals 327 milljónir króna og jókst gjaldið um 68,6% milli ára. Auðlindagjald pr. kíló hefur aukist verulega frá 2021 til 2023 eða samtals 459% milli tímabila.



# 09 Önnur gjöld og styrkir

## Aðflutningsgjöld

Meðal annarra skatta og gjalda sem Arnarlax greiðir til ríkisins eru aðflutningsgjöld sem fyrirtækið greiðir vegna aðkeyptra aðfanga erlendis frá. Þar er um að ræða tolla, vörugjöld og virðisaukaskatt af hinum ýmsu vörum sem greidd eru til ríkissjóðs, ýmist beint vegna eigin innflutnings en að stærstum hluta óbeint sem hluti af vöruverði til þriðja aðila.

Tollar og önnur gjöld sem greidd voru af eigin innfluttum vörum Arnarlax námu 12 millj. kr. á árinu 2023.


## Olíu- og kolefnisgjald

Á árinu 2023 voru 395 millj. kr. gjaldfærðar vegna kaupa á olíu og bensíni, þar af skattur upp á 9.4 millj. kr. vegna véla og bíla. Hluti af þessari gjaldfærslu er vegna olíu- og kolefnisgjalds sem seljendur olíu og bensíns standa skil á til ríkissjóðs.

Olíugjaldið var 72.85 kr. pr. lítra á árinu 2023 en kolefnisgjaldið var 13 kr. pr. lítra. Olía til að nota á skip og báta er undanþegin olíugjaldi þegar í hana hefur verið bætt litar- og merkiefnum.

## Styrkir

Arnarlax veitti ýmsa styrki til samfélagamála á árinu 2023 og námu þeir um 22.4 millj. kr. Þá er Arnarlax einnig aðili að samstarfi um almenningssamgöngur milli byggðarlaga á sunnaverðum Vestfjörðum og greiðir fyrir aðgang að íþróttahúsum í heimabyggð, sem starfsmenn Arnarlax og aðrir íbúar njóta góðs af. Greiðslur vegna samgangna og íþróttahúsa námu 10.3 millj. kr. á árinu 2023.



# 09 Önnur gjöld

## Ýmis gjöld til sveitarfélaga

Arnarlax er með megin starfsemi sína í Vesturbyggð og Tálknafirði, en á árinu 2021 fjárfesti Arnarlax í tveimur eldisstöðvum á Suðurlandi og árinu 2022 eignaðist félagið að fullu Eldisstöðina Íspór í Þorlákshöfn. Í tengslum við þessar starfsstöðvar greiðir Arnarlax ýmis gjöld sem renna til sveitarfélaganna.

Aflagjöld sem greidd voru á árinu 2023 námu rúmlega 175 millj. kr. samanborði við tæplega 163 millj. kr. árið 2022. Samhliða aukinni framleiðslu / umsvifum aukast greiðslur vegna aflagjalda.

Vörugjöld eru greidd til hafnarsjóðs af fóðri sem fer á land og námu gjöldin tæplega 2.5 millj. kr. á árinu 2023 samanborði við tæplega 6.5 millj. kr. á árinu 2022.


Önnur gjöld til hafnarsjóða, þar á meðal hafnargjöld og stöðuleyfi, námu tæplega 21.3 millj. kr. á árinu 2023 samanborði við rúmlega 30 millj. kr. á árinu 2022.

Fasteignagjöld eru gjöld sem árlega eru lögð á allar fasteignir. Þau skiptast m.a. niður í fasteignaskatt, lóðaleigu, sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnslu-stöðva. Gjaldið er hærra á atvinnuhúsnæði en á íbúðarhúsnæði.

Greidd fasteignagjöld ársins 2023 námu 23 millj. kr. samanborði við 21 millj. kr. á árinu 2022.

Arnarlax greiddi til sveitarfélaga 239 millj. kr. í ýmis gjöld á árinu 2023 samanborði við 243 millj. kr. á árinu 2022, þar af námu aflagjöld um 177 millj. kr. Mest var greitt til Vesturbyggðar á árinu 2023, eða 173 millj. kr.

Gjöld til sveitarfélaga



Ýmis gjöld til sveitafélaga námu 239 millj. kr. á árinu 2023 og lækkuðu um 4 milljónir króna milli ára.

# 10 Gæðamál og vottanir

## ASC Vottun

Öll framleiðsla innan Arnarlax var ASC vottuð árið 2023. Þetta er mikilvægt skref fyrir Arnarlax og sjálfbærni. ASC vottunarstaðallinn hefur verið þróaður meðal annars af World Wildlife Fund (WWF) en til að fá vottun þurfa fyrirtækin meðal annars að lágmarka umhverfisáhrif og starfa í sátt við samfélag og starfsmenn fyrirtækisins. Fyrirtæki sem standast ASC vottun skuldbinda sig til að lágmarka áhrif á umhverfi á ýmsa vegu. Taka þarf tillit til villtra laxfiskastofna, fugla, sjávarspendýra og annarra lífvera sem búa í námunda við eldissvæðin svo eitthvað sé nefnt.



## BRC vottun AA+

Arnarlax leggur áherslu á matvælaöryggi. Uppskeruverksmiðjan Arnarlax er BRC vottuð. Þessi vottun tryggir viðskiptavinum að þeir geti borðað framúrskarandi lax án þess að hafa áhyggjur af matvælaöryggi. Arnarlax fékk BRC vottorðið árið 2021 og árið 2023 var heildareinkunn uppfærð í AA+ eftir fyrstu fyrirvaralausni BRC endurskoðun. Fyrirtæki sem taka þátt í fyrirvaralausri BRC endurskoðun kjósa að vera áskoruð á hæsta stigi. Úttekt getur verið framkvæmd hvenær sem er eða eftir ákveðinn dag og því þurfa allir að vera viðbúnir án fyrirvara. Arnarlax BRC AA+ einkunnin er mikið hrós til allra þeirra duglegu og samviskusömu starfsmanna sem leggja áherslu á að ná framúrskarandi árangri á hverjum einasta degi.



## Framúrskarandi á Íslandi

Árið 2023 hlaut Arnarlax viðurkenningu sem „Framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi“ frá Viðskiptablaðinu og Keldum. Með þessari vottun skipar Arnarlax sig sem fyrirmyndarfyrirtæki á Íslandi. Listinn yfir fyrirmyndarfyrirtæki er viðurkenning á framúrskarandi frammistöðu. Árið 2023 fengu aðeins 2,8% íslenskra fyrirtækja vottunina. Til að vera hæf þurfa fyrirtæki af ýmsum stærðum, flokkuð sem stór, meðalstór og lítil, að uppfylla ströng skilyrði sem tengjast hagnaði, eiginfjárlutfalli, tekjum og eignum. Til að fá útnefninguna „Framúrskarandi“ skoðar dómnefnd starfsárin 2020, 2021 og 2022, þar sem lykilviðmið eru lögð til grundvallar.



## Jafnlaunavottun

Arnarlax fékk upphaflega jafnlaunavottorð sitt árið 2021 og hefur fyrirtækið haldið þessari vottun síðan. Núverandi vottorð gildir til janúar 2025, með fyrirvara um árlega endurskoðun til að tryggja áframhaldandi samræmi við jafnlaunastaðla. Meginmarkmið þess að fá jafnlaunavottun er að taka á launamun kynja og viðhalda jafnrétti kynja innan vinnuafsisins. Með því að innleiða jafnlaunavottunarferlið geta fyrirtæki og stofnanir komið á fót stjórnkerfi sem tryggir að launatengd verklag og ákvarðanir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum, án hvers kyns kynbundinnar mismununar. Jafnlaunastaðallinn ÍST 85, fánlegur hjá Staðlaráði Íslands.





# 11 Ýmis samfélagsverkefni

## Stoltur stuðningsaðili HSÍ

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) og Arnarlax skrifuðu undir styrktarsamning til þriggja ára á árinu 2023. Vörumerki Arnarlax verður aftan á öllum keppnistreyjum sem íslenska landsliðið í handknattleik klæðist í frá og með HM kvenna í nóvember og síðan karlaliðið í Evrópukeppninni í janúar 2024.

Arnarlax viðurkennir mikilvægi handbolta í íslenskum íþróttum og í íslensku samfélagi og lýsir stolti yfir því að leggja sitt af mörkum til að styrkja handboltann og HSÍ.

Arnarlax hefur skuldbundið sig til langtíma samstarfs.

"Áfram Ísland".





  
**Arnarlax**  
SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON

©2024 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki sem mynda samstarf PricewaterhouseCoopers International Limited, sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.